

Nema, sem ekki stenst lokapróf, skal heimilt að endurtaka próf í september sama ár.

Nemi, sem ekki stenst lokapróf skal vinna sem nemi í lyfjabúð á milli loka-prófs og upptökuprófs. Nemi, sem ekki stenst lokapróf en óskar að þreyta hið næsta lokapróf skal vinna ekki skemur en sex mánuði í lyfjabúð á milli prófa. Sú vinna fer fram í sömu lyfjabúð (lyfjagerð) og neminn hefur verið vistaður í nema lyfsali (forstöðumaður) segi námssamningi upp. Skal skólinn þá útvega nemanum vistunarstað í samráði við Apótekarfélag Íslands. Slíkur nemi skal færa námsferilsbók yfir þann tíma, sem bætist við nám vegna endurtekninga á prófi.

Enginn getur gengið undir lokapróf í sömu grein oftari en þrisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra.

Auk lokaprófs, sem þreyta skal samkvæmt reglugerð þessari, er skólastjórn heimilt að ákveða, að nemi skuli skila þátttöku- eða hæfnisvottorði í námskeiðum af ýmsu tagi, enda hafi slík námskeið stöð í 10. grein þessarar reglugerðar. Slík námskeið skulu kynnt nemum við upphaf skólaárs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. gr. lyfsöslulaga, nr. 30 29. apríl 1963, og 2. gr. laga nr. 64 16. apríl 1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjarins á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest deiliskipulag miðbæjarins á Akureyri.

Deiliskipulag þetta tekur til svæðis sem takmarkast af Glerárgötu og sjó að austan, Eyrarlandsvegi, Oddeyrargötu og Brekkugötu að vestan frá og með íþróttasvæði bæjarins að norðan og að lóð Samkomuhússins að sunnan.

Skipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi fallinn skipulagsuppráttur sá, sem Stjórnarráðið staðfesti 1. september 1929.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.